

Svar við fyrirspurn

Efni: Yfirlit yfir innkaup hliðstæð þeim sem úrskurðað var um 16. desember 2020 í máli nr. 32/2019 varðandi umferðarljósastýringar.

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Óskað hefur verið eftir svári við fyrirspurn sem borin var upp af fulltrúa Sjálfstæðisflokks á 23. fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs þann 23 desember 2020 og barst innkaupaskrifstofu hún sama dag.

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

Í ljósi úrskurðar vegna kaupa Reykjavíkurborgar á búnaði í umferðarljósastýringar, sem barst frá úrskurðarnefnd útboðsmála 16. desember síðastliðinn leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í ráðinu fram eftirfarandi fyrirspurn:

Í kjölfar þessa úrskurðar væri rétt að taka saman yfirlit yfir þau innkaup sem eru hliðstæð þeim sem úrskurðað var um. Óskað er eftir úttekt fyrir síðustu 4 ár á innkaupum sem hafa verið gerð án útboðs eða með svipuðu fyrirkomulagi og úrskurðurinn byggði á.

Svar:

Innkaupaskrifstofa leggur það mat að spyrjandi sé að biðja um yfirlit yfir þau erindi sem voru samþykkt af innkauparáði síðar innkaupa- og framkvæmdaráði er varðaði heimild til beinna samningskaupa á grundvelli b liðar 22 gr. gömlu innkaupareglna Reykjavíkurborgar og svo b. liðar 1. mgr. 26. gr. núgildandi innkaupareglna Reykjavíkurborgar. En þetta er sú heimild sem beitt var við innkaup á stýringu umferðarljósa sem úrskurðað var um þann 16. desember 2020 í máli 32/2019.

Um er að ræða 10 erindi á sl. 4 árum og eru þau eftirfarandi:

Dagsetning og númer fundar	Erindi sbr. fundargerð:
Ár 2017, föstudaginn 28. apríl var haldinn 399. fundur innkauparáðs.	3. dagskrárlíður fundar. Lagt fram erindi fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 4. apríl sl., varðandi heimild til kaupa á nýjum kerfishluta Unit4 Budget Books frá hugbúnaðarframleiðandanum Unit4, á grundvelli 22. gr. b-liðar innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Frestað á fundi 7. apríl sl. Erindið dregið til baka og nýtt erindi lagt fram um sama mál á grundvelli 25. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. R17010075. Samþykkt.
Ár 2018, föstudaginn 16. mars var haldinn 419. fundur innkauparáðs	6. dagskrárlíður fundar. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 5. mars sl., varðandi heimild til kaupa á bókum, setum og örmum ásamt gormum í stólagrindur í aðalsal Borgarleikhússins, á grundvelli 22 gr. b liðar innkaupareglna Reykjavíkurborgar. R08030075. Samþykkt.
Ár 2018, föstudaginn 1. júní var haldinn 428. fundur innkauparáðs.	3. dagskrárlíður fundar. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 29. maí 2018, varðandi heimild til að viðhafa samningskaup við Spennandi ehf. á grundvelli 22. gr. b. liðar innkaupareglna Reykjavíkurborgar, vegna kaupa og uppsetningu á viðbótum við breytta vatnsrennibraut í Breiðholtslaug. R18010001. Samþykkt.
Ár 2018, fimmtudaginn 22. nóvember var haldinn 440. fundur innkauparáðs	4. dagskrárlíður fundar. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 21. nóvember 2018, varðandi heimild til samningskaupa á jarðvinnu vegna Vísindagarða Háskóla Íslands – Bjargargata. Samþykkt.

<p>Ár 2019, fimmtudaginn 7. febrúar var haldinn 446. fundur innkauparáðs</p>	<p>2. dagskrárlíður fundar. Lagt fram erindi velferðasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 24. janúar 2019, varðandi beiðni um heimild til að ganga til samninga við Rannsóknir og greiningu ehf. á grundvelli b. liðar 22. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar R19010001. Samþykkt.</p> <p>Fanney Magnúsdóttir og Stefanía Sörheller taka sæti á fundinum undir þessum lið.</p>
<p>Ár 2019, fimmtudaginn 28. mars var haldinn 450. fundur innkauparáðs</p>	<p>2. dagskrárlíður fundar. Lagt fram erindi upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar, dags. 26. mars 2019, varðandi heimild til samningskaupa á sérfræðiþjónustu vegna Microsoft Unified Support Services frá Microsoft til 29. mars 2022, á grundvelli b. liðar 22. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og b-liðar 39. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. R13080013. Samþykkt.</p>
<p>Ár 2019, mánudaginn 27. maí var haldinn 457. fundur innkauparáðs</p>	<p>3. dagskrárlíður fundar. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 24. maí 2019, varðandi heimild til samningskaupa við Smith og Norland hf / Siemens, á grundvelli b. liðar 22. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, vegna kaupa á vélbúnaði og hugbúnaði vegna uppfærslu á svonefndri miðlægri stýringu umferðarljósa. R190010001. Samþykkt.</p> <p>Ámundi Brynjólfsson og Hildur Freysdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.</p>
<p>Ár 2019, fimmtudaginn 5. desember var haldinn 471. fundur innkauparáðs</p>	<p>4. dagskrárlíður fundar. Lagt fram erindi velferðasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 27. nóvember 2019, varðandi beiðni um heimild til að ganga til samninga við Rannsóknir og greiningu ehf. á grundvelli b. liðar 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. R19010001. Samþykkt.</p> <p>Innkauparáð leggur fram svohljóðandi bókun:</p> <p>Innkauparáð fagnar því að í þessum samningi er tilgreint að Velferðarsvið eigi höfundarrétt á úrvinnslum og sérritum sem unnar eru fyrir Velferðarsvið sem hluti af þessari rannsókn ásamt Rannsóknnum og greiningu, en það er mikilvægt að tryggja að Reykjavíkurborg eigi sjálfstæðan aðgang og afnotarétt af þeim niðurstöðum sem verða til í rannsóknnum sem borgin er aðili að.</p> <p>Kristín Ösp Jónsdóttir og Stefanía Sörheller taka sæti á fundinum undir þessum lið</p>
<p>Ár 2019, fimmtudaginn 19. desember var haldinn 472. fundur innkauparáðs</p>	<p>4. dagskrárlíður fundar. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 25. nóvember 2019, varðandi heimild til samningskaupa við Arkís arkitekta og ASK arkitekta á grundvelli b.-liðar 1. mgr. 39. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og b. liðar 1. mgr. 26. gr. innkaupareglna, um deiliskipulagsvinnu sem unnin er á grundvelli og í kjölfar hugmyndasamkeppni sem haldin var um rammaskipulag fyrir Elliðaárvog, Ártúnshöfða. R19010001. Samþykkt með einu atkvæði. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá.</p> <p>Björn Axelsson, Ámundi Brynjólfsson og Hreinn Ólafsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.</p>
<p>Ár 2020, fimmtudaginn 23. desember var haldinn 23. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs</p>	<p>2. dagskrárlíður fundar. Lagt fram að nýju erindi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 7. desember 2020, ásamt frekari skýringum dags. 14. desember 2020 og enn frekari skýringum dags. 22. desember 2020, varðandi heimild til samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingu til kaupa á ráðgjafþjónustu Gartner Ireland Limited sbr. b-lið 1. mgr 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, sem var frestað í 1. lið, 21. fundi ráðsins og 2. lið 22. fundi ráðsins. R20010055. Samþykkt.</p>

	Kjartan Kjartansson og Aldís Geirdal Sverrisdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
--	--

Virðingarfyllst

Margrét Lilja Gunnarsdóttir

Margrét Lilja Gunnarsdóttir
Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Öll framangreind erindi sem fóru fyrir ráðið á sínum tíma.